

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

- A. Bann við að stöðva ökutæki á móts við hús nr. 1 og 3 við Heiðarveg.
- B. Bann við að stöðva ökutæki á móts við hús nr. 69 við Strandveg.
- C. Bann við að stöðva ökutæki á Skildingavegi að austan milli Strandvegur og Tangagötu.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 14. febrúar 2000.

Karl Gauti Hjaltason.

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 213/1991 um greiðslur vasapeninga sjúkratryggðra.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Nú dvelst lífeyrisþegi utan stofnunar nokkra daga í senn en útskrifast samt ekki og er þá heimilt að greiða honum dagpeninga sem eigi séu lægri en tvöfaldir sjúkradagpeningar hverju sinni.

Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðslu slíkra dagpeninga.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 66. gr., sbr. 5. mgr. 43. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, öðlast gildi 1. mars 2000.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. febrúar 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.